

Rektor Stefán B. Sigurðsson setti fund kl. 9.15.

Mættir voru auk hans:

Aðalheiður Ámundadóttir fulltrúi nemenda  
Helga Hlín Hákonardóttir fulltrúi háskólaráðs sat fund til kl. 11.30  
Jóna Jónsdóttir varafulltrúi menntamálaráðuneytis  
Páll Skúlason fulltrúi háskólaráðs  
Þóroddur Bjarnason fulltrúi kennara

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors  
Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Daníel Freyr Jónsson verkefnisstjóri prófa og fjarkennslu  
Stefán Jóhannsson sérfræðingur í upplýsingatækni

---

Rektor kynnti dagskrá. Páll Skúlason bauð rektor velkominn til starfa og tóku aðrir undir það.

## 1. Fundargerð 282 fundar

0906018

Fundargerðin var borin upp og samþykkt.

## 2. Rekstraryfirlit janúar-júlí

0901015

Úlfar skýrði út yfirlitið. Rekstrarkostnaður kennsludeilda og stoðþjónustu er 771.572 mkr. eða 57.02% af áætlun ársins. Kostnaður vegna ýmissa annarra verkefna er 63.779 mkr. eða 57.41% af áætlun. Viðmiðið er 58.33%. Brúttóútgjöld eru því innan marka. Rekstur stofnana og setra með eigin tekjur er 99.857 mkr. Úlfar gerði nánar grein fyrir ástæðum frávika. Ítrekaði hann að fyllsta aðhalds þarf að gæta, sérstaklega þegar útgjöld eru í erlendum gjaldeyri. Umræður urðu um leigu háskólans á húsnæði á Borgum. Rektor upplýsti að þau mál yrðu til skoðunar ásamt fleirum í því samhengi að jafna aðstöðu íslenskra háskóla.

Ólafur sagði allar líkur á að staðið yrði við áætlun um 13 mkr. afgang af rekstri háskólans á árinu.

## 3. Niðurskurður fjárveitinga 2009 og 2010

Ólafur fór yfir tillögu að breytingum á rekstraráætlun HA árið 2009. Tillögurnar miða við að mæta 1% niðurskurði á framlagi úr ríkissjóði, 13.700 mkr. og ófyrirséðum útgjöldum upp á 12.100 mkr. Lagt er til að ná hagræðingu í rekstri sem nemur 16.200 mkr. Á móti kemur einnig 10 mkr. framlag úr ríkissjóði vegna sumarnámskeiða. Eftir umræður var tillagan samþykkt. Rektor lýsti ánægju sinni með að tekist hefði að hagræða í rekstri með þessum hætti.

Ólafur greindi frá að boðaður er niðurskurður á fjárveitingum úr ríkissjóði til háskóla 2010 og 2011. Rekstraráætlun háskólans fyrir 2010 verður tilbúin í desember. Einnig verður útbúin rekstraráætlun fyrir 2011 nú á haustmánuðum.

Rætt var um leiðir til hagræðingar. Rektor mun sitja fundi á fræðasviðum til að ræða mögulegar leiðir og framkvæmdastjóri mun einnig vinna með forsetum fræðasviða. Höfð verður hliðsjón af aðgerðum í Háskóla Íslands. Á næsta háskólaráðsfundi eiga að liggja fyrir mótaðri hugmyndir um hagræðingu. Umræða varð síðan um sparnaðarleiðir. Þóroddur hvatti til þess að nýtt yrðu tækifæri til endurskipulagningar námskeiða. Aðalheiður sagði umræðuna einnig fara fram meðal nemenda og rektor kvaðst taka á móti tillögum frá þeim. Jóna nefndi m.a. möguleika á að afla Evrópustyrkja til rannsókna. Páll ræddi aukna samvinnu háskóla, að forsetar fræðasviða hefðu samvinnu sín á milli. Rektor tók undir hugmyndir um aukna samvinnu og verkaskiptingu háskóla.

#### 4. **Heildarfjöldi kennslueininga við HA**

Fyrir lá yfirlit sem sýnir að heildarfjöldi kennslueininga við háskólann 2008 var 119.727 og hvernig hann skiptist í kennsluskyldu, kennsluyfirvinnu og hver stjórnunarafsláttur var. Til samanburðar eru 128.411 kennslueiningar árið 2009 samkvæmt reiknilíkani. Fundarmenn voru sammála um þörfina fyrir að draga úr yfirvinnu. Rektor lagði áherslu á mikilvægi þess að rannsóknaskylda kennara væri uppfyllt.

#### 5. **Ágústpróf**

Úlfar upplýsti um kostnað við ágústpróf, sem er allt að 8.6 mkr. og liggur aðallega í prófagerð. Rektor þakkaði Úlfari fyrir. Úlfar þurfti síðan að hverfa af fundi.

#### 6. **Innritun á haustmisseri 2009**

Stefán Jóhannsson kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Tala þeirra sem greitt hafa innritunargjald er nú 1.474 sem er um 13% aukning frá sama tíma í fyrra. Um 80% nemenda hafa greitt, en eindagi er 5. september. Rætt var um námsmöguleika innan háskólans fyrir þá nemendur heilbrigðisdeildar sem ekki halda áfram eftir samkeppnispróf í desember. Rektor þakkaði Stefáni fyrir og fór hann af fundi.

#### 7. **Reglur um námsmat og greinargerð prófstjóra**

0806075

Daníel Freyr kom á fundinn og bauð rektor hann velkominn. Rektor skýrði í stuttu máli feril námsmatsreglnanna. Þóroddur gerði grein fyrir vinnu undirhóps sem skipaður var til að fara yfir reglurnar á háskólaráðsfundi 27. maí sl. Í honum sátu auk hans Daníel Freyr, Helga Hín og Steinþór Þorsteinsson. Í tillögu hópsins er lagt til að reglurnar verði gerðar einfaldari og skýrari en áður var. Þóroddur rakti síðan greinargerð hópsins um helstu breytingar, í sjö liðum. Umræða varð um sjúkra- og upptökupróf og um geymslu og sýningu prófa og próflausna. Ákveðið var að senda reglurnar til umsagnar í fræðasviðum og deildum, hjá nemendum og í gæðaráði á næstu vikum. Því ferli á að vera lokið fyrir næsta háskólaráðsfund. Núgildandi prófareglur nr. 868/2004 gilda þar til nýjar hafa verið samþykktar. Rektor þakkaði Daníel Frey fyrir og fór hann af fundi.

**8. Ráðning sviðsforseta heilbrigðissviðs**

0904012

Rektor greindi frá því að haldinn var deildafundur á heilbrigðisvísindasviði þann 24. ágúst. Á fundinum fór fram atkvæðagreiðsla um tvo umsækjendur um stöðu forseta sviðsins. Niðurstaðan var sú að deildafundur mælir með að Árún Kr. Sigurðardóttir verði ráðin í stöðuna. Háskólaráð samþykkti það einróma. Ráðningin er til tveggja ára.

**9. Skipun varamanns í stjórn FÉSTA**

0908014

Rektor bar fram tillögu að skipun Úlfars Haukssonar forstöðumanns sem varamanns háskólaráðs í stjórn FÉSTA. Tillagan var samþykkt einróma.

**10. Dómnefndarálit, Sigríður Sía Jónsdóttir**

0908027

Frestað.

**11. Fundir háskólaráðs á haustmisseri.**

Ákveðið var að fastur fundartími ráðsins væri að jafnaði föstudagur í síðustu heilu viku hvers mánaðar. Fundartími er kl. 12-15.30.

Fundir á skólaárinu verða:

2. okt.

30. okt.

27. nóv.

18. des.

29. jan.

26. febr.

26. mars

30. apríl

28. maí

25. júní.

Að öðru leyti verða fundir boðaðir eftir þörfum.

**12. Önnur mál**

Rektor sagði frá málefnum Végeirsstaðasjóðs.

Þá greindi hann frá því að hann átti fund með stjórnendum í HÍ um stigamat kennara og tengd málefni. Leggur hann áherslu á að stigamat sé samræmt í íslenskum háskólum.

Páll lagði fram skýrslu, Aðgerðir í háskóla- og vísindamálum, skilagrein rýnihóps menntamálaráðherra, dags. 27. ágúst 2009. Skýrslan mun birtast og verða uppfærð á heimasíðu ráðuneytisins. Lagði Páll til að efni hennar yrði rætt á næsta fundi.

Jóna spurðist fyrir um viðbragðsáætlun HA vegna svínaflensu. Rektor upplýsti að nefnd hefur verið skipuð. Viðbragðsáætlun á að vera tilbúin í september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.40.

